

## Breytingartillögur

við frv. til l. um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 8. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Með námseiningum er í lögum þessum átt við ECTS-einingar eða staðlaðar námseiningar, sbr. lög nr. 63/2006, um háskóla.
2. Við 9. gr.
  - a. Við bætist ný málsgrein er verði 1. mgr., svohljóðandi:  
Til þess að verða ráðinn kennari við leikskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið leikskólakennari skv. 3. og 24. gr.
  - b. 2. másl. 1. mgr., er verði 2. mgr., falli brott.
  - c. Í stað orðsins „leikskólalaga“ í 2. mgr., er verði 3. mgr., komi: laga um leikskóla.
3. Við 10. gr. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Ráðning skólustjóra í leikskólum.*
4. Við 13. gr.
  - a. Á eftir orðinu „grunnskólakennari“ komi: og.
  - b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Ráðning skólustjóra í grunnskólum.*
5. Við 16. gr.
  - a. Í stað orðanna „og 22. gr.“ í 1. mgr. komi: gr. eða hlotið undanþágu skv. 22. gr.
  - b. Í stað orðsins „starfslið“ í 2. mgr. komi, í viðeigandi beygingarfalli: starfsfólk.
  - c. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Starfsfólk framhaldsskóla og ráðning þess.*
6. Við 17. gr. Við bætist: og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi.
7. Við 20. gr.
  - a. Á eftir orðinu „aðstoðarleikskólustjórastarf“ í 1. másl. komi: sbr. 1. mgr. 9. gr.
  - b. Við bætist nýr másl. er verði 3. másl., svohljóðandi: Nú hefur starf starfsmanns verið auglýst í tvígang án þess að leikskólakennari hafi fengist og er þá heimilt að ráða hann í starfið samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnarlaga og hlutaðeigandi kjarasamnings.
8. Við 23. gr.
  - a. Orðin „samkvæmt þessari grein“ í 3. mgr. falli brott.
  - b. Orðið „staðlaðar“ í 5. mgr. falli brott.
  - c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Þrátt fyrir ákvæði 3.–5. mgr. skulu þeir einstaklingar ekki njóta forgangs umfram þá sem hlotið hafa starfsheitið leikskólakennari, grunnskólakennari eða framhaldsskólakennara skv. 3.–5. gr.
9. Við 24. gr. Í stað orðsins „eininga“ í 1., 2. og 3. mgr. komi: námseininga.

10. Við ákvæði til bráðabirgða. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Starfsmenn sem ráðnir hafa verið án kennaramenntunar, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1994, um leikskóla, skulu þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 9. gr. halda starfi sínu. Um réttarstöðu þeirra að öðru leyti fer samkvæmt fyrirmælum í ráðningarsamningum og/eða kjarasamningum, sbr. 1. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.